

Sp. 562. Tillaga til þingsályktunar [290. mál]

um móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum Evrópuþjóða hér á landi, en slíkar sendingar eru þegar hafnar og ná til Íslands.

Greinargerð.

Þegar eru hafnar sendingar sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnöttum í Evrópu sem unnt er að taka á móti hér á landi með litlum tilkostnaði. Munu slíkar sendingar aukast mjög á næstu árum. Það er því orðið tímabært að hyggja að því á hvern hátt við Íslendingar getum best notfært okkur þá miklu möguleika sem felast í þessari nýju tækni.

Það er eðlilegt að ríkisstjórnin hafi forustu um stefnumótun og undirbúning aðgerða á þessu sviði að svo miklu leyti sem atbeini ríkisstofnana er þar nauðsynlegur. Það er efni þessarar þingsályktunartillögu að vekja athygli á þessari þróun sem í raun felur í sér gjörbyltingu í sjónvarps- og fjarskiptamálum hvað Íslendinga varðar sem aðrar þjóðir. Jafnframt telja flutningsmenn æskilegt að gerðar verði sem fyrst ráðstafanir til þess að unnt verði að hefja móttöku sjónvarpsefnis hér á landi sem sent er frá fjarskiptahnöttum og verði þar um sem víðtækast val að ræða.

Nýlega hefur menntamálaráðherra greint frá því að í undirbúningi sé að hefja tilraunasendingar hingað frá norska sjónvarpinu í sumar. Yrði það fyrsti áfanginn í þessum efnum en sjálfsgagt er að hafa sem nánasta samvinnu við Norðurlandþjóðirnar á þessu sviði á komandi árum.

Um ýmsa aðra áhugaverða kosti til móttöku sjónvarpsefnis er hér einnig að ræða. Skal þeirra getið hér og um þá fjallað skv. upplýsingum sem fengnar eru m.a. frá Gústav Arnar yfirverkfræðingi Pósts og síma.

Þegar eru hafnar sendingar á sjónvarpsefni frá fjarskiptahnetti Póst- og símamálasamtaka Evrópu, **Eutelsat**, sem unnt er að ná með litlum tilkostnaði hér á landi. Er þar um að ræða sjónvarpsdagskrár frá Bretlandi, V-Pýskalandi, Frakklandi, Svisslandi, Hollandi, Belgíu og Ítalíu. Unnt er að taka á móti sjónvarpsefni þessu öllu hér á landi með mjög litlum tilkostnaði. Til þess þarf móttökustöð með um 4 metra loftneti. Mun kostnaðurinn við slíka

stöð vera um 1 millj. króna. Að auki yrði um nokkurn kostnað að ræða vegna fjarskiptasendinganna og þess dagskráefnis sem á móti væri tekið.

Þar sem hér er um fjarskiptahnött Póst- og símamálasamtaka Evrópu að ræða yrði móttaka og dreifing efnis að vera í höndum Pósts og síma hér á landi. Dreifa mætti dagskránum um dreifikerfi íslenska sjónvarpsins á þeim tíma sem dagskrá þess er ekki send út eða með kapalkerfum.

Þess má geta í þessu sambandi að Norðmenn, Finnar, Frakkar, Svisslendingar og Vestur-Þjóðverjar hafa þegar ákveðið að taka við sendingum sjónvarpsefnis frá fjarskiptahnetti þessum. Sýnist hér um vænlegan kost að ræða fyrir okkur Íslendinga sem vert væri að athuga nánar sem fyrst. Er það ekki síst vegna þess að sjónvarpssendingar þessar eru þegar hafnar svo sem fyrr sagði.

Í öðru lagi er hér að nefna þá sjónvarpshnetti sem senda munu beint til notenda án þess að nokkrar greiðslur þurfi fyrir að koma (Direct Broadcasting Satellites). Sendingar á sjónvarpsefni frá þremur slíkum hnöttum munu hefjast á næstu missirum og nást þær sendingar allar hér á landi. Til móttökunnar þurfa menn þó allstór móttökulofnet, allt frá 4 til 8 metra. Fyrstu sendingarnar af þessu tagi munu hefjast í september 1985. Er þar um að ræða gervihnöttinn **TV-Sat** sem er eign vestur-þýska ríkisins. Er ráðgert að tveimur dagskrám verði sjónvarpað frá honum.

Í nóvember 1985 er ráðgert að sjónvarpssendingar hefjist frá hnetti sem verða mun í eigu franska ríkisins, **TDF-1**. Munu þrjár rásir fyrir sjónvarpssendingar verða í þeim hnetti.

Í ágúst 1986 er síðan ráðgert að sendingar hefjist frá breska sjónvarpshnettinum **Unisat**. Er sá hnöttur í eigu ýmissa aðila á Bretlandi. Áform eru uppi um að sjónvarpa m. a. dagskrám frá BBC um þennan hnött en ekki mun það enn fullákveðið.

Á móti sjónvarpssendingum frá þessum hnöttum geta allir sjónvarpseigendur tekið endurgjaldslaust komi þeir sér upp nauðsynleum loftnetsbúnaði. Dreifa mætti slíku efni einnig eftir kapalkerfum frá sameiginlegri móttökustöð þætti það hagkvæmara.

Síðast en ekki síst skal hér minnst á þau áform sem uppi hafa verið innan Norðurlandaráðs um sameiginlegar sjónvarpssendingar á Norðurlöndum frá sjónvarpshnetti þeim sem nefndur hefur verið **NORDSAT**. Umræður um mál þetta hafa staðið í mörg ár en endanlegar ákvarðanir enn ekki verið teknar. Ef þing Norðurlandaráðs í febrúar 1985 ákveður að hrinda málinu í framkvæmd má búast við að sendingar frá hnetti þessum geti hafist 1989—1990.

Þá eru uppi hugmyndir um það, svo sem fyrr sagði, að hefja tilraunasendingar norska sjónvarpsins hingað til lands í sumar. Yrðu það sendingar frá fjarskiptahnettinum Eutelsat en í honum munu Norðmenn leigja rás til þess að senda sjónvarpsefni til Svalbarða og olíupalla á landgrunni Noregs. Myndu þær sendingar geta náð hingað til lands og yrðu þá sendar út um dreifikerfi sjónvarpsins utan útsendingartíma þess.

Svo sem hér hefur komið fram er þegar unnt að hefja móttöku erlends sjónvarpsefnis hér á landi með litlum tilkostnaði. Á næstu missirum munu mjög aukast þeir kostir sem við eigum vól á í þessum efnum. Það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að landsmenn geti nýtt sér þessa möguleika að svo miklu leyti sem atbeini þeirra þarf hér að koma til. Með þingsályktunartillögu þessari er verið að undirstrika hvílík bylting er að eiga sér stað í Evrópu í þessum efnum um þessar mundir og benda á þá kosti sem okkur Íslendingum standa opnir á þessu sviði fjölmiðlunar.